

BORGARRÁÐ 18. mars 2021: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rýmingu Fossvogsskóla og framhald kennslu - R19020180

Í þrjú ár hafa nemendur Fossvogsskóla þurft að kljást við veikindi og óvissu með skólahald. Ljóst er að viðgerðir og endurbætur á húsnæði Fossvogsskóla hafa ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt. Nú hefur verið ákveðið að rýma skólann, en ljóst er að ekkert plan liggur fyrir um hvernig skólahaldi verður fram haldið. Hvernig stendur á því? Skortur á upplýsingum og yfirlýsingum skapað gríðarlegt vantraust á borgaryfirvöld sem erfitt verður að endurheimta. Heilsa barnanna verður að fá að njóta vafans og borgaryfirvöld verða að axla þá ábyrgð sem þau hafa í þessu hörmungarmáli. Það vekur undrun að þetta mál hafi ekki verið á dagskrá borgarráðs í morgun.